

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 1788 — 558. mál.
2. umræða.

Nefndarálit með frávísunartillögu

um frumvarp til laga um brottfall laga um leit, rannsóknir
og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (bann við leit og
vinnslu jarðefnaeldsneytis).

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið þrjár umsagnir, frá Landvernd, Náttúruverndar-samtökum Íslands og Ungum umhverfissinum.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði brott lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, og með því verði leit og vinnsla jarðefnaeldsneytis bönnuð hér á landi. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ráðherra geri tillögur um breytingar á öðrum lögum sem nauðsynlegar séu í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Meiri hlutinn telur betur fara á því, ef vilji er til að setja bann við leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis, að málið verði skoðað heildstætt og frumvarp lagt fram sem feli í sér allar nauðsynlegar breytingar á lögum. Þar sem ekki stendur yfir leit eða vinnsla jarðefnaeldsneytis er svigrúm til að vinna málið frekar. Meiri hlutinn áréttar þó mikilvægi þess að Ísland grípi til markvissra og ákveðinna aðgerða í baráttunni gegn loftslagsbreytingum í samræmi við metnaðarfullan stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og markmiðið um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari skoðunar og vinnslu.

Alþingi, 12. júní 2021.

Lilja Rafney Magnúsdóttir,
form., frsm.

Ásmundur Friðriksson.

Halla Signý Kristjánsdóttir.

Haraldur Benediktsson.

Njáll Trausti Friðbertsson.